

Nd. 164. Viðauka- og breytingardillögur

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 3. gr.

Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svo látandi:

- a. Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á geðveikrahæli, gamalmennahæli eða sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framsærslusveit hans $\frac{2}{3}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði,

en ekki gildir ákvæði þetta nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar-
eða bæjarfjelagi. Þessi lagafyrirmæli gilda einnig um þá sjúklinga, sem
komið er fyrir utan heimilis síns, þótt ekki sjeu þeir á þeim stöðum,
sem að ofan eru greindir, ef læknir telur slíkt nauðsynlegt.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um
varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög fara í bága við
þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkv. þessari grein, en undir
meðlagskostnað telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

- b. Nú er manni, sem á framfærslurjett hjer á landi, veittur sveitarstyrkur
erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk,
alt að 400 kr. um árið. Það, sem þar er fram yfir, greiðist úr ríkissjóði.
Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfa-
manns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærslubreppsins,
ef til slíks flutnings kemur.

Styrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki
afturkræfur.

2. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36., 37., 77. og 78. gr.
fátækralaganna frá 10. nóv. 1905. Sömuleiðis lög nr. 61, frá 27. júní 1921,
um breytingu á þeim lögum, og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága
við lög þessi.